



Íslenska Pílukastsambandið

Fundargerð	
Yfirskrift / Efni:	4.fundur Stjórnar ÍPS
Staðsetning:	Netfundur / Púls Media
Hvenær:	20.3.2023 Kl 12:00
Þátttakendur:	Matthías Örn Friðriksson Viktoría Ósk Daðadóttir Magnús Gunnlaugsson Viðar Valdimarsson Brynja Herborg Helgi Pjetur
Boðuð Forföll:	
Fjarverandi:	
Fundarritari:	Helgi Pjetur

Fundargerðir Stjórnar

- Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.
 - Fyrrí fundargerðir núverandi stjórnar einnig komnar á dart.is

Mótamál

- **Novis 3**
 - Breyta þarf fyrirkomulagi á riðlablöðum til þess að forðast að ákveðin sæti séu ávallt fyrirnefnd að spili bara á einu spjaldi.
 - Erindi barst frá Þór um að flytja umferðina yfir á sunnudag.
 - Fólk vant því að mótin séu á sunnudögum og ekki næðist að manna mótstjórn á laugardegi.
 - Stjórn samþykkir erindið.
 - Rætt um að mótsstjóri fái greiddan mat á mótisdag.
 - Samþykkt af stjórn.
 - Verðlaun nú einungis pöntuð frá Ísspor og NA verðlaun send með flugi. Ódýrari en að kaupa þau fyrir norðan.



Íslenska Pílukastsambandið

- **Dartung 2**
 - Skráning undir væntingum.
 - Skólaferðir í ganga yfir þessa helgi
 - Arna og Brynja verða í mótstjórn
 - Búið að útvega mat fyrir börnin.

ÍSí Umsókn

- Framkvæmdarstjórn ÍSí hefur viðurkennt pílu sem íprótt en með fyrirvara sem m.a tengist skipulagslegum úrlausnum.
- Hafa óskað eftir fund með stjórn ÍPS til þess að ræða stöðu mála og hvernig best sé að aðlaga ÍPS inn sem sérsamband.

Önnur mál

- **Nýtt logo ÍPS**
 - Helgi Pjetur vill láta hanna nýtt merki fyrir sambandið þar sem núverandi merki er óhentugt í merkingar og notkun í markaðsefni.
 - Hefur nú þegar fengið tilboð með góðum afslætti frá einum fremsta vörumerkjahönnuð landsins Oscari Bjarnasyni.
<https://www.oscarbjarna.is/logo-designs>
 - Tilboðið var lagt fram og samþykkt einróma.
 - Tillögur verða lagðar fyrir stjórn þegar þær eru tilbúnar.
- **Samstarf Bullseye og ÍPS**
 - Helgi og Magnús ræddu við Skorra á hádegisfund þar sem rætt var um ÍPS greiða hóflega upphæð til Bullseye fyrir hvern þátttakanda í mótum á vegum ÍPS.
 - Hingað til hefur Bullseye veitt okkur húsnæðið endurgjaldslaust.
 - Matthías leggur til að gerður verður skriflegur samningur við Bullseye um slíkt fyrirkomulag.
 - Stjórn samþykkir umrædda fjárhæð og verður hún borin undir Skorra og vonandi samþykkt.



Íslenska Pílukastsambandið

- **Styrktarbeiðni**

- Beiðni barst sambandinu í gegnum tölvupóst vegna fata- og ferðastyrks.
- Stjórn ákveður að styrkir til einstaklinga séu ígrundaðir að lokinni keppnisferðum og sýnt sé fram á út lagðan kostnað með kvittunum.
 - Útbúa þarf eitthvað regluverk sem og sjóð sem ákvarðar hvað falli undir styrkveitingu.

Viðar vikur af fundi vegna vinnu rúmlega 13:00

- **Nordic Cup**

- Umræða meðal stjórnarmanna hvort stjórn sé í stakk búinn að halda mót af slíkri stærðargráðu og Nordic Cup er. Fjögurra daga mót sem krefst mikið af sjálfboðaliðum sem því miður virðist skorta á þar sem illa gekk m.a manna stöður í stjórn.
- Mikil vinna fram undan varðandi inngöngu í ÍSÍ ásamt núverandi markmiðum sem stjórn hefur sett sér varðandi fjölgun viðburða, stuðning við aðildarfélög o.fl.
- Ekki var einhugur innan stjórnar að halda mótið og var því afráðið stjórn setji sig í samband við Danska Pílukast sambandið og bjóða þeim að taka við skipulagningu á Nordic Cup 2024.

- **Agamál**

- Tveir einstaklingar tilkynntu ekki um fjarveru á Grand Prix
 - Vísað til aganefndar.
- Önnur mál bíða enn úrlausnar.

- **RIG**

- Undirbúningsfundur 30.mars – Brynja fer fyrir hönd stjórnar.

- **Félagatal**

- Aðildarfélög þurfa að skila inn félagatali fyrir lok mars og er búið að útbúa Google Sheets skjöl sem félögin geta fyllt út.

Fundið slitið 13:38